

Mál nr. 113/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar: (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 13. apríl 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 3. júní 2022, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M slasaðist við vinnu sína þann 10. janúar 2020 er hann var við störf. Var hann að ganga niður stiga með verkfærakassa í höndum er hann rann í hálfu og slasaðist. M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu atvinnureksturs X hjá V. Vísar M til þess að aðstæður á vinnustað, þar sem hann féll, hafi verið óforsvaranlegar og hættulegar enda stiginn opinn til himins. Það hefði kostað litla fyrirhöfn að salta eða sanda tröppurnar eða beita öðrum hálkuvörnum eftir atvikum og hefði það komið í veg fyrir hálkumyndun. Slysið var ekki tilkynnt til Vinnueftirlitsins og því liggur ekki fyrir umsögn þess varðandi slysið. Vísar M til ákvæða 79. – 81. gr. laga nr. 46/1980 um tilkynningarskyldu vinnuveitanda. Einnig vísar M til 21. gr. laganna sem og dóma Hæstaréttar í málum nr. 272/2008 og 309/2002 auk úrskurðar nefndarinnar í máli nr. 334/2020.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X og telur að slysið megi rekja til óhappatilviljunar og gáleysis M. Tröppurnar hafi verið steypar með handriði beggja vegna. Hálkuvörnum var sinnt eftir þörfum á byggingarsvæðinu með mokstri og dreifingu salts og sands. Eins voru aðgengilegar kistur með salti og sandur til dreifingar ef starfsmenn mátu hættu á hálfu vera til staðar. Þó svo hálkuvörnum hafi verið sinnt þá má alltaf búast við hálfu og snjó á útsvæðum í janúar á Íslandi. M hafi verið í vinnuskóm með grófum botni og verið uppálagt að styðjast við handrið í tröppum sbr. áhættumat fyrirtækisins sem hann skrifaði undir. Vísar V til dóms Landsréttar í máli nr. 5/2021 auk dóma Hæstaréttar í málum nr. 583/2017, 387/2005 og 41/2003 máli sínu til stuðnings.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort tjón M megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu X eða starfsmanna þess, þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu en það hvílir á M að sýna fram á að svo hafi verið. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að M hafi slasast við vinnu sína hjá X er hann rann í hálfu í stiga milli hæða. Slysið var ekki tilkynnt samdægurs til Vinnueftirlitsins og upplýst er að enginn frá eftirlitinu kom á slysstað til úttektar. Í ljósi þess að M varð óvinnufær strax eftir slysið verður ekki annað séð en að X hafi vanrækt tilkynningarskyldu sína til Vinnueftirlitsins skv. 79. gr. laga nr. 46/1980. Eins og málið liggur fyrir nefndinni verður það þó ekki talið hafa áhrif á almennar reglur um sönnunarbyrði, enda greinir aðila ekki á um málsatvik. Almennt má gera þá kröfu til atvinnurekenda að þeir hálkuverji helstu gönguleiðir starfsmanna á athafnasvæði fyrirtækisins. Samkvæmt upplýsingum frá V var byggingarsvæðið hálkuvárið auk þess sem starfsmenn höfðu aðgang að salti og sandi til dreifingar. M hefur ekki lagt fram nein gögn sem hnekkja þeirri frásögn V og því verður ekki annað séð en að tjón M verði rakið til óhappatilviljunar, en ekki atvika eða aðstæðna sem X ber skaðabótaábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 7. júlí 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir